

## Skýrsla stjórnar Þeistareykja ehf. fyrir árið 2005.

### Almennt.

Aðalfundur Þeistareykja ehf. fyrir árið 2004 var haldinn í skrifstofu Aðaldælahrepps 24. feb. 2005. Á fundinum urðu, að loknum aðalfundarstörfum, nokkrar umræður um málefni félagsins án þess að samþykktir væru gerðar. Í stjórn félagsins sem kosin var á aðalfundi eru Hreinn Hjartarson formaður, Franz Árnason varaformaður, Ásvaldur Þormóðsson ritari, Bjarni Jónasson meðstjórnandi og Aðalsteinn Baldursson meðstjórnandi. Stjórnarfundir voru 9 á árinu.

Á árinu var haldið áfram með framkvæmdir á Þeistareykjum og nemur eignfærður framkvæmdakostnaður ársins um 11,2 mkr. Á fyrri hluta árs 2005 var hlutafé félagsins aukið um kr. 20.000.000 skv. ákvörðun stjórnar. Á hluthafafundi sem haldinn var að Breiðumýri þann 9. september 2005 var samþykkt hlutafjáraukning að fjárhæð 110.793.977 að nafnvirði. Allir hluthafar sem fyrir voru í félaginu féllu frá forkaupsrétti að aukningarhlutum og var hann seldur Landsvirkjun á genginu 2,346. Eftir hlutafjáraukningu nemur hlutafé félagsins kr. 345.543.976 kr. að nafnvirði.

Í upphafi árs 2005 voru hluthafar 4 en í árslok voru þeir 5 og sundurliðast eignarhlutir þannig.

Landsvirkjun	31,971%
Norðurorka	31,971%
Orkuveita Húsavíkur	31,971%
Þingeyjarsveit	3,646%
Aðaldælahreppur	0,441%

Eftir innkomu Landsvirkjunar var kosin ný sjö manna stjórn. Í stjórn voru kostnir Hreinn Hjartarson formaður, Franz Árnason varaformaður, Bjarni Bjarnason ritari, Agnar Olsen meðstjórnandi, Ásvaldur Þormóðsson meðstjórnandi, Bjarni Jónasson meðstjórnandi og Aðalsteinn Baldursson meðstjórnandi.

Varamenn voru kostnir: Böðvar Bjarnason, Hákon Hákonarson, Árni Gunnarsson, Ólína Arnkelsdóttir

Undirbúningur frekari rannsókna á Þeistareykjum var strax hafinn með innkomu Landsvirkjunar í Þeistareyki ehf. Tekin var ákvörðun um borun einnar rannsóknarholu á Þeistareykjum á árinu 2006 auk þess að klára nauðsynlegar viðnámsmælingar til að afmarka svæðið betur.

### Staða rannsókna á Þeistareykjum

Unnin var sérstök rannsóknaráætlun fyrir Þeistareyki snemma árs 2002 og hún áréttuð í greinargerð 2003. Áætlunin var síðan uppfærð í upphafi árs 2006. Þar kemur m.a. fram að framkvæmdir hafa dregist um allt að 1 ár á þessu tímabili. Sumarið 2002 var boruð fyrsta djúpa rannsóknarholan í svæðið á Þeistareykjagrundum. Hún gaf góð fyrirheit um orkuríkt svæði. Önnur hola var boruð á vetrarmánuðum í lok árs 2003 suðvestan Tjarnaráss. Hún bætti við veigamiklum upplýsingum. Síðar þann vetur hófst framkvæmd áætlunar um að mæla stærð alls svæðisins með TEM-viðnámsmælingum. Mælingum var haldið áfram ári síðar og gert er ráð fyrir að ljúka þeim fyrrihluta árs 2006. Helstu niðurstöður gefa til kynna víðáttumikið svæði svipað að stærð og Kröflusvæðið. Til að styrkja niðurstöður viðnámsmælinga þyrfti að bora allt að 500 m djúpa rannsóknarholu norður af Stórahver. Auk þess er þegar ákveðið að bora um 2000 m djúpa rannsóknarholu við rætur Ketilsfjalls sumarið 2006. Viðbótarjarðfræðirannsóknir hófust síðastliðið ár og lýkur þeim væntanlega í ár.

### **Ársreikningurinn**

Ársreikningurinn gefur glögga mynd af afkomu félagsins. Athyglivert er að félagið er rekið með nokkrum hagnaði sem því miður er eingöngu til kominn vegna gengishagnaðar af erlendu láni.

### **Lokaorð**

Stjórnin vill að lokum þakka hluthöfum samstarfið á árinu og þá þolinmæði sem þeir hafa sýnt með því að leggja fjármuni í rannsóknir sem vonandi skila sér á næstu áratugum með uppbyggingu álvers á Norðurlandi. Það er skoðun stjórnar að þær rannsóknir sem félagið hefur lagt í á undanförunum árum hafi stutt verulega við hugmyndir um álver á norðurlandi.

F.h stjórnar Þeistareykja ehf

Hreinn Hjartarson